

16. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og laga nr. 34, 17. maí 1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast gildi 1. janúar 1991 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er frá sama tíma felld úr gildi reglugerð nr. 125 5. mars 1979, um möskvastærðir botnvörpu og flotvörpu ásamt síðari breytingu nr. 353 30. júlí 1984.

Ákvæði til bráðabirgða.

I

Prátt fyrir ákvæði 1. og 2. gr. reglugerðar þessarar er heimilt til 1. janúar 1993 að nota botn- og flotvörpu með lágmarksmöskvastærðinni 135 mm. Þó skal lágmarksstærð möskva í a.m.k. 8 öftustu metrum vera 155 mm nema þegar togveiðar eru stundaðar á eftirgreindum svæðum:

- a) Á svæði fyrir Vestur- og Suðurlandi utan línu, sem dregin er 310° réttvísandi frá stað 66°00'N, 25°15'V, og utan línu, sem dregin er frá stað 66°00'N, 25°15'V, í stað 64°53'N, 25°15'V og þaðan í 90° réttvísandi í stað í 12 sjómílna fjarlægð frá grunnlínu samkvæmt reglugerð nr. 299/1975, síðan í 12 sjómílna fjarlægð frá grunnlínu suður og austur um að 19°50'V þaðan í stað 63°06'N, 18°00'V síðan í 65° réttvísandi að 10°00'V og þaðan 90° réttvísandi út að mörkum fiskveiðilandhelginnar.
- b) Á tímabilinu 1. september til 31. desember á svæði milli 18°00'V og 21°00'V. Að norðan markast svæðið af línu, sem dregin er 6 sjómílnur utan við grunnlínu samkvæmt reglugerð nr. 299/1975.

II

Prátt fyrir ákvæði 6. gr. skal heimilt til 1. maí 1991 að nota möskvamæla sem gerðir eru til mælinga á möskvum samkvæmt 6. gr. reglugerðar nr. 125 5. mars 1979 um möskvastærðir botnvörpu og flotvörpu.

Sjávarútvegsráðuneytið, 21. desember 1990.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

Jón B. Jónasson.

AUGLÝSING**um breytingu á gjaldskráum rafveitna.**

Samkvæmt 25. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskráum rafveitna er taki gildi 1. janúar 1991:

Gjaldskrá Rafmagnsveitu Reykjavíkur, nr. 2, 12. janúar 1990:

Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um 5%

Gjaldskrá Rafveitu Hafnarfjarðar, nr. 439, 25. september 1989, með síðari breytingum.

Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um 5%

Iðnaðarráðuneytið, 21. desember 1990.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Guðrún Skúladóttir.